

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1608****2023/EES/85/19****frá 30. maí 2023****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar
skráningu á perflúoróhexansúlfónsýru (PFHxS), söltum hennar og skyldum efnasamböndum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 15. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (ESB) 2019/1021 er skuldbindingum Sambandsins samkvæmt Stokkhólmssamningnum frá 2001 um þrávirk lífræn efni ⁽²⁾ (hér á eftir nefndur „samningurinn“) og samkvæmt bókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni ⁽³⁾ (hér á eftir nefnd „bókunin“) komið í framkvæmd.
- 2) Í viðauka A við samninginn er skrá yfir iðefni. Sérhverjum aðila að samningnum ber skylda til að banna iðefnin á skránni og/eða grípa til ráðstafana á sviði laga og stjórnáslu sem eru nauðsynlegar til að útrýma framleiðslu þeirra, notkun, innflutningi og útflutningi.
- 3) Ráðstefna aðila að samningnum ákvað, skv. 9. mgr. 8. gr. samningsins, á tíunda fundi sínum frá 6. til 17. júní 2022 að breyta viðauka A við samninginn til að fella perflúoróhexansúlfónsýru (PFHxS), sölt hennar og skyld efnasambönd inn í viðaukann án sérstakrar undanþágu.
- 4) Því ætti einnig að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 sem inniheldur skrá yfir efni sem eru skráð í samninginn og í bókuninni sem og efni sem eru eingöngu skráð í samninginn til að fella inn í hann perflúoróhexansúlfónsýru, sölt hennar og skyld efnasambönd.
- 5) Í því skyni að styrkja beitingu og framfylgd 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1021 í Sambandinu ætti að fastsetja viðmiðunarmörk fyrir perflúoróhexansúlfónsýru, sölt hennar og skyld efnasambönd sem koma fyrir sem óviljandi snefilaðskotaefni í efnum, blöndum og hlutum. Fastsetja ætti viðmiðunarmörkin við 0,025 mg/kg fyrir perflúoróhexansúlfónsýru, þ.m.t. sölt hennar, og við 1 mg/kg fyrir hvert perflúoróhexansúlfónsýruskylt efnasamband eða samsetningu þessara efnasambanda. Að því er varðar notkun í slökkvifroðu þar sem ekki er sem stendur unnt að ná þessum viðmiðunarmörkum ætti að fastsetja hærri styrkleikamörk, með fyrirvara um endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar innan þriggja ára eftir gildistöku með það í huga að lækka mörkin.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1021 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 198, 8.8.2023, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 37.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 er eftirfarandi færslu bætt við:

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
<p>Perflúoróhexansúlfónsýra (PFHxS), sölt hennar og skyld efnasambönd:</p> <p>„Perflúoróhexansúlfónsýra (PFHxS), sölt hennar og skyld efnasambönd“ merkir eftirfarandi:</p> <p>i. perflúoróhexansúlfónsýra, þ.m.t. allar greinóttar hverfur hennar,</p> <p>ii. sölt hennar,</p> <p>iii. efnasambönd sem eru skyld perflúoróhexansúlfónsýru sem eru, að því er varðar samninginn, öll efni sem innihalda C₆F₁₃S-iðefnahlutann sem einn af byggingarþáttunum og sem brotna niður í perflúoróhexansúlfónsýru.</p>	355-46-4 og önnur	206-587-1 og önnur	<p>1. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk perflúoróhexansúlfónsýru eða salta hennar sem nemur 0,025 mg/kg (0,000025% miðað við þyngd) eða minna þegar þau koma fyrir í efnum, blöndum eða hlutum.</p> <p>2. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um summu styrks allra perflúoróhexansúlfónsýruskyldra efnasambanda sem nemur 1 mg/kg (0,0001% miðað við þyngd) eða minna þegar þau koma fyrir í efnum, blöndum eða hlutum.</p> <p>3. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk perflúoróhexansúlfónsýru, salta hennar og skyldra efnasambanda sem nemur 0,1 mg/kg (0,00001% miðað við þyngd) eða minna þegar þau koma fyrir í þykktum slökkvifroðublöndum sem skal nota eða eru notaðar við framleiðslu á öðrum slökkvifroðublöndum. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða og meta þessa undanþágu eigi síðar en 28. ágúst 2026.“</p>